



Beiðni um skráningu á byggingarstjóra

Ég undirritaður lóðahafi/eigandi húseignar nr. _____ við (heimilisfang) _____

Óska hér með eftir að _____
nafn kt.

taki að sér stjórn byggingarframkvæmda skv. ákv. laga nr. 73/1998 og regl. nr. 441/1998 sem byggingarstjóri,

vegna byggingarleyfis í Grindavíkurbæ _____

- Húsasmíðameistari Múrarmeistari Pípulagningarmeistari Vélvirkjameistari Rafvirkjameistari Byggingariðnfræðingur
 Arkitekt Verkfræðingur Tæknifræðingur Byggingarfræðingur

Grindavíkurbær

Undirskrift, kt.

Byggingarreglugerð nr. 441/1998 gr. 31. Byggingarstjórar.

Við stjórn byggingarframkvæmda hvers mannvirkis skal vera einn byggingarstjóri.

31.1 Byggingarstjórar geta verið:

- a) Húsasmíðameistarar, múrarmeistarar, pípulagningarmeistarar, vélvirkjameistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og tilskilið starfsleyfi.
b) Arkitektar, verkfræðingar, tæknifræðingar og byggingarfræðingar með þriggja ára reynslu af verk- og byggingarstjórn eða byggingareftirliti.

31.2 Sá sem tekur að sér að vera byggingarstjóri við tiltekna byggingarframkvæmdir skal tilkynna byggingarfulltrúa um það og framvísa jafnframt nauðsynlegum gögnum eða skilríkjum um að hann uppfylli þau skilyrði sem sett eru um byggingarstjóra. Einnig skal hann, ef hann er ekki sjálfur eigandi byggingarréttarins, framvísa yfirlýsingu eða samningi við eigandann um að hann hafi verið ráðinn til verksins. Byggingarfulltrúi lætur byggingarstjóra í té staðfestingu á því að hann sé byggingarstjóri við viðkomandi byggingarframkvæmdir enda séu formskilyrði uppfyllt og byggingarstjórinn hafi með undirritun sinni staðfest ábyrgð sína á framkvæmd verksins.

31.3 Byggingarstjóri getur, að öðrum skilyrðum uppfylltum, einnig tekið að sér ábyrgð á einstökum verkþáttum byggingarframkvæmdar, sbr. gr. 37.

31.4 Byggingarstjóra (byggingarleyfishafa/iðnmeistara, eftir því sem við á) er skylt að sjá svo um að aflað sé nauðsynlegra heimilda í sambandi við byggingarframkvæmdir, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir.